

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Vatnsendahlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 9. desember 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að óbyggt svæði, skógræktarsvæði og opið svæði til sérstakra nota í Vatnsendahlíð breytist í íbúðarsvæði, stofnanasvæði og athafnasvæði. Gert er ráð fyrir 740 íbúðum á 45 ha svæði og um 15.000 m² atvinnuhúsnæði á 2 ha athafnasvæði. Reiðleiðir innan svæðisins breytast samkvæmt því.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. desember 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2008